



Grafía –stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum

FRAMBOÐSFRESTUR

vegna kosningu stjórnar og varastjórnar
Grafiú 2016

Í samræmi við lög félagsins lýkur á næsta aðalfundi tveggja ára kjörtímabili þriggja aðalstjórnarmanna, Önnu S. Helgadóttur, Oddgeirs Þórs Gunnarssonar og Óskars R. Jakobssonar og þriggja varastjórnarmanna, Ásbjörns Sveinbjörnssonar, Hrannar Jónsdóttur og Guðmundar Gíslasonar.

Hér með er lýst eftir uppástungum um þrjá félagsmenn til setu í aðalstjórn næstu tvö ár og tvo félagsmenn til setu í varastjórn.

Þeir félagsmenn sem að uppástungum standa skulu stinga upp á mönnum í öll sæti sem kjósa á í, samtals fimm félagsmönnum. Uppástungur skulu studdar fæst 20 en mest 50 félagsmönnum. **Þeim sem að uppástungum standa skal jafnframt bent á að fá samþykki þeirra sem þeir áforma að stinga upp á.**

Vakin er athygli á eftirfarandi ákvæði í lögum félagsins (gr. 7.4.), en þar segir:
„Þegar skilafrestur á framboðum til stjórnarkjörs er liðinn, skal stjórn félagsins sameina þau þannig að nafn hvers frambjóðanda komi aðeins einu sinni fram á kjörseðli. Greinilega skal auðkenna hverjir eru í framboði til aðalstjórnar og hverjir til varastjórnar. Sá sem er í framboði til aðalstjórnar getur ekki verið í framboði til varastjórnar samtímis. Við allar kosningar í félaginu skal raða á kjörseðil með útdrætti og skal boða fulltrúa framkominna lista til að vera þar viðstadda.” Og í grein 6.1.5. stendur: *„Varastjórn er kosin samtímis og aðalstjórn.”*

ATH: Guðmundur Gíslason gefur ekki kost á sér í varastjórn.

Framboð samkvæmt framanrituðu skulu berast skrifstofu félagsins, Stórhöfða 31, fyrir kl. 16.00, þriðjudaginn 9. febrúar n.k.

Reykjavík, 12. janúar 2016.
Stjórn Grafiú stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum